



Bréfa- og málasafn 1952

Bjarni Benediktsson – Stjórnsmálaráðherra – Utanríkisráðherra – Bréf - Ásgeir Pétursson -
Pétur Benediktsson - Eiríkur Einarsson - Hannes Kjartansson - Sigursteinn Magnússon - Tönnes
Andesæs - 1952

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnsmálamaðurinn
Askja 2-14, Örk 7

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík, 29. mars 1952.

Kari Hannes:

Eg þakka þér fyrir alla fyrirgreiðslu í sambandi við bókakaup fyrir mig.

Svo illa hefir tekist til með eintakið af bók Roberts A. Taft, "A Foreign Policy for Americans", að það er gallað. Vantar eina örök en tvar arkir eru af bls. 65-80. Vildi ég því biðja þig um að útvega mér annað eintak í stað þess eintaks, sem ég lát fylgja hér með.

Með beztu kveðjum,

þinn einlægur,

Herra aðalræðismaður
Hannes Kjartansson,
Aðalræðismannskrifstofa Íslands,
New York.

29/3 52

Govt
Benediktsson
Islegation
Paris

umtoelud alitsgerd natofyrirkomulag paris umbidst
allrafyrst beztu kvedjur

bjarni

MVM/EP

Reykjavík, 24. mars 1952.

Keri Sigursteinn Magnússon,

Eftir heimkomu mína frá Lissabon-fundinum langar mig til að þakka yður fyrir ágæta fyrirgreiðslu og sérstaka gestrisni, er ég kom til Leith með Gullfossi 17. febrúar.

Skilið kærri kveðju og þakklæti til konu yðar fyrir hinar frábæru móttökur.

Með kærri kveðju.

Yðar einlægur,

Herra aðalræðismaður
Sigursteinn Magnússon,
46, Constitution Street,
Edinburgh 6, Leith.

Reykjavík, 15. febrúar 1952.

Heiðraði vinur:

Eg þakka bréf þitt, dags. 31.
janúar s.l.

Um efni þess er skemmt af að
segja, að mér er með öllu ókunnuagt um
atriði það, er þú raðir um. Tel ég
vænlegast, ef þú álíttur það þess virði,
að þú felir Jónasi Rafnar að athuga
málið nánar fyrir þig.

Með bestu kveðjum,

Hr. Eifíkur Einarsson,
Box 118,
Akureyri.

Reykjavík, 22. desember 1952.

Góði vinur,

Eg pakka þér bréf þitt og bið afsökunar á hversu lengi hefir dregist að senda þér línu í staðinn. Þen í nágu hefir verið að snúast í haust eins og gengur, svo að það sem fresta hefir mátt hefur setið á hakanum.

Gott er að heyra að þér líður vel og að þú hefir séð og kynnst mörgu nýstárlegu. Við hinu er ekki að búast að menn ~~ger~~-kynnist nýjum fræðigreinum á svo skömmum tíma, sem þú hefir til umráða. Það tekur miði töluverðan tíma að kynnast svo í nýju landi að menn geti fest sig við fræðið ókanir, nema því aðeins að um sé að ræða fyrirfram alveg ákveðið úrlausnarefnini, sem menn sinna þá svo til eingöngu. Eg held þess vegna að þú hafir gert rétt í því að einskorða þig ekki við ákveðið efni meira en þú lýsir, þar sem atlan bín hvort eð er er sú, að auka við almennan bekkingaforða og fá aukna yfirsýn og reynslu, en ekki að leggja áherzlu á sérstök lærðómspróf

Eg er mjög sammála því sem þú segir annarsvegar um áhrif blaða og hinsvegar umtöl manna á milli og almenningsáliði. I þessari staðreynd er m.a. að lejta skýringa á því hversu áhrifaríkt sellukerfi kommunista er til árðurs. Þar hafa þeir tilbúna nokkur hundruð manna hér í Reykjavík, sem þeir vikulega látafá ákveðið umræðuefni og geta þess vegna fljóttlega komið sínum blæ á umræður manna á vinnustöðum og þar sem margmenni kemur saman. Eitt af mörgu sem við byrftum að bæta í okkar skipulagi, er að heta okkur þessi sannindi betur en okkur hefir hingað til tekist.

Þú spurðir um lyktir ágreiningsins út úr forsetakosningunni. Svo á að heita, að þeir sér nú settir á komnar, en því ber ekki að leyna, að nokkur urgur er enn milli manna. Ábalvandinn í því málí er sá, að Gunnar Thoroddsen og hans fylgismenn, líta allt öðrum augum á það en við hinir. Hafa þeir og myndað einskonar flokk eða samtök sín á milli, að vísu ekki verulega fjölmenn svo við vitum, en þeir halda fast saman, hafa samráð sín á milli og eiga því hægara, eins og upphlaupsflokkum er títt, að gera skyndiárasír, en hinir, sem út af fyrir

Herra fulltrúi
Asgeir Pétursson,

síz eru fjölmennari en ekki tengdur þeim böndum, sem sameiginlegt brot ~~að~~ tengir þá er það fremja. Við töldum sýnt, að ef umræður um þessi mál hafust á félagsfundum eða fulltrúaráði mundi af því leiða hin mestu vandræði. Þess vegna gengum við í það í haust við Jóhann Hafstein, að skipta fulltrúaráðinu niður í 3 hópa. Kölluðum hvern hóp fyrir sig á sérstakan fund og brýndum fyrir mónum að betra varí að tala ekkert um þessi mál, heldur reyna að vinna saman eins og ekkert hefði í skorist og láta síðan málefni ráða hvernig það tekist. Þessi var vel tekið, en þó urðum við varir slíkrar heiftar og ólgu, að enginn vafi er á að hefði ekki þessi aðferð verið höfð mundi allt hafa blossað í ófriði þegar allir komu saman.

Ráðstafanir okkar myðu hinsvegar til þess, að á þeim fundum, sem haldnir voru á eftir, féll allt í ljúfa löö og Gunnari Thoroddsen var vel tekið þegar hann talaði. Við það óx honum ofmetnaður svo að hann fór að vinna að því, að láta kjósa sig fyrir formann Varðarfélagsins. Þarf ekki að því að spyrja að hann fór að því með hyggindum og létt sína menn segja, að það varí gert til að undirstrika sáttir og sýna almenningi út á við að nú varí allt í lagi. Mörgum þótti hér alltof langt gengið og ságði ég Gunnari, að á þetta mundi ekki verða fallist, en stakk upp á því, að Birgir Kjaran, sem hafði verið utan við þessar deilur, yrði kosinn formaður. EKKI vildi Gunnar strax á það fallast og urðu miklár flokkadrættir með mónum. Við léту það gott heita að Birgir byðist til að taka einhverja af Gunnars mónum með sér í stjórnina en þó svo, að augljóst varí að við hefðum meiri hluta. Jafnframt fórum við ekki leynt með, að við mundum safna liði svo að ekki yrði komið okkur að óvörum á fundinum. Aldrei talaði Gunnar aftur við mig um þessi mál þó að ég hefði rætt við hann í fyllstu vinsemdu að fyrra bragði, en fyrir milligöngu Birgis komst samkomulag á. Fundurinn var mjög fjölsóttur og þörfum við þar öll ráð. Lýsti Olafur Thors þar sáttum með mónum og var því mjög vel tekið.

Flokknum er það höfuðnauðsyn að menn hafi vit og proska til þess að standa saman og ekki má það henda, að menn veitist hver að örnum með undirferli og svikum, en því verður ekki neitað, að fómsir þettir þessara eftirmála er með þeim hetti, að mónum geðjast síst betur að en þá Jafnvel sjálfri þeirri framkomu, er upphaf varð ósamkomulagsins. Vonandi fer þetta þó allt vel en víst meði andrúmsloftið vera hollara en raun ber vitni um.

eigin Vinur þinn Páll Tryggvason átti nokkurn þátt í að auka vandræðin með því að stinga upp á Sveini nokkrum Ágeirs-syni fyrir formann í stúdentafélaginu. Ef til vill hefur það þó ekki verið frá ~~ó~~ brjósti vegna þess að Sveinn þessi mun vera hægri hönd borgarstjórans en er illa þokkaður af

Lætin dæm

flestum Sjálfstæðismönnum, þeim bæjarfulltrúum og starfsmönnum bajarskrifstofunnar og öðrum er til þekkja. Þegar Sjálfstæðismenn f~~/stuðnings~~ hópnum heyrðu um þessar ráðagerðir söfnuðu þeir líði og strádrápu tillögur Páls, en hann varð ókvæða við og sagði að gengið væri á settir. Eg og aðrir svokallaðir forystumenn vissu ekki neitt af þessu fyrr en löngu eftir á, en er ég talaði við borgarstjórnann út ur Varðar-formeninskunni varð ég þess var, að þetta var eitt er í honum sat. Annars skilst mér að þú eigir von um Páli vestur áður en langt um líður, því að Bandaríkjamenn höfðu boðið honum. Eg sagði Páli, að ég hefði ekkert á móti að hann bægi slikt boð, en létt uppi við hann, og Bandaríkjamenn, að ég teldi hina mestu ókurteisi gegn mér, að bera það ekki fyrirfram undir mig, hvort rétt væri að bjóða tilteknun starfsmanni utanríkisráðuneytisins í slíka ferð. Hinsvegar vildi ég auðvitað alls ekki spilla því, að pilturinn fari úr því hann átti kost að því.

Síðustu vikurnar hafa að mestu leyti farið í þvarg út af verkfallsmálunum. Um þau lestu í blöðunum og skal ég því ekki rekja það. Enginn efi er á að til verkfallsins var stofnað í pólítiskum tilgangi. Annarsvegar stöðug viðleitni kommunista til þess að sundra þjóðfélaginu og efla sinn flokk á upplausn. Hinsvegar alger örventing Alþýðuflokkssins út af almennri skoðum um síhrörnandi fylgi flokkssins. Af þessum ástæðum vildu forsprakkar verkfallsins alls ekki fara bannig með málin að samkomulag gæti orðið án verkfalls. Þeir vonuðu að verkfallið yrði svo áhrifaríkt að undan yrði að láta strax eftir two til þrjá daga. Reynslan varð öll önnur og þó að lausnin sé engan vegin góð, er hún samt mun betri en menn fyrirfram gátu vonað. Vist er um það, að kommunistar hafa fremur beðið tjón af verkfallinu en hitt og mjög tvísýnt um hagnað Alþýðuflokkssins. Stjórnin, sem öllu var beint gegn, hefir aftur á móti, a.m.k. í billi, tekist að styrkja sig í sessi og síst aukið óvinseldir sínar. Um vinseldir stjórnar á slíkum tínum er naumast að ræða.

Enginn efi er á því, að ef almennar kosningar yrðu nú þegar í stað eða mjög bráðega, mundu þær verða mun betri fyrir stjórnarflokkana en orðið hefði t.d. fyrir einum eða tveim manuðum. Imsir halda einnig, að Alþýðu-flokkurinn hafi styrkt sig með tilkomu Hannibals Valdimarssonar. Okkur er slikt auðvitað framandi, en þeir sem svo hugsa segja, að vantað hafi ~~þ~~ flokk ~~þ~~, sem fólk teldi raunverulega rótt-~~k~~; menn hefðu alls ekki trúá á róttakni Stefáns Jóhanns og félaga. Lausungafólk, sem kaus Rannveigu síðast, töluvert af útkantafólk kommuðist og ef til vill fleiri, munu fást til að kjósa flokk undir forystu Hannibals, bó að þeir vildu ekki kjósa flokk með jafn rólegum manum og Stefán Jóhann og hansa menn voru þar við stjórn. Um þetta er ekki gott að segja, en við lifum á upplausnar og breytingar tínum, svo að sjálfsgagt er þetta ekki fjarstæðara en margt annað.

Svo sem þú sérð af blöðunum er Olafur Thors nú utanlands.

Fór til að flytja mál okkar um landhelgina á fundi í OEEC og eiga viðræður við valdamenn Breta þak við tjöldin. Allt hefir það farið vinsemlega og áferða ~~allega~~ en niðurstaðan er engin enn og er bó vonandi, að Bretar séu að sér áður en yfir lýkur.

Eg læt við þetta sitja í bili. Vona að þér lífi vel og óska þér alls góðs og þetti vænt um að heyra frá þér aftur við tekifæri.

Pinn einlögur

*Mr. L. Blaine Clarke
The Minister of Iceland
and Mrs. Thor Thors
deeply appreciate your kind
expression of sympathy*

Við Ágústa þórkum innilega
vinarbref.

Thor



Lirkaskjæret. Byggd av Svenn Eikssonar. © Borgarskjalastur. Reykjavíkur

Ulvøysund, Norway.


Hæye venne
Jeg legger på mandag og dag
men da skal jeg min til Oslo
igjen. Jeg ønsket en lage en
inkkekkel om skallstøt-kulen.
Kan du ha en annen sende
men litt tilhengning er ikke
merket på ditt land. Hvor er det
ellers iitt over hestesko, sånn
eller ikke.

PRINTED IN NORWAY

Mittel



Kirkjumilnæðið
Bjarni Benediktsson



Reykjavík

Dansmálaráðherr
Bjarni Benediktsson,
Dýrðurhlut 35,

.... en koma þó.

Kvæðir.

Skål.

Gippja



Draumbatur